

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 373/2004 um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

#### 1. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar er eigendum lögbýla við austanverðan Eyjafjörð, sem rétt hafa til silungsveiði, heimil netaveiði á silungi í sjó í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fram til 15. júlí 2004.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2004.*

**Árni Ísaksson** veiðimálastjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa Skilmannahrepps.

		kr.
<b>A. Framkvæmdaleyfisgjald:</b>	Afgreiðslugjald (lágmark)	5.000
	Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.	
<b>B. Byggingarleyfisgjald:</b>	Afgreiðslugjald (lágmark)	5.000
<i>Íbúðarhús</i>	Einbýlishús	28.000
	Íbúðir í sambýlis- og fjölbýlishúsum á fb.	20.000
	Frístundahús að 60 m <sup>2</sup>	12.000
	Frístundahús yfir 60 m <sup>2</sup> veiðihús og hliðstæð	18.000
	Bílskúrar/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000
<i>Hótel, skrifstofu- og verslunarhús</i>	Að 100 m <sup>2</sup> hver hæð í húsi	20.000
	100 til 200 m <sup>2</sup> hver hæð í húsi	60.000
	200 til 500 m <sup>2</sup> hver hæð í húsi	80.000
	500 til 800 m <sup>2</sup> hver hæð í húsi	120.000
<i>Gripahús</i>	Að 100 m <sup>2</sup>	15.000
	100 til 200 m <sup>2</sup>	20.000
	200 til 500 m <sup>2</sup>	45.000